



Sogavegur 34 – Fyrirspurn breyting á deiliskipulagi – USK2403030

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. apríl 2024 var lögð fram fyrirspurn Huldu Jónsdóttur, dags. 22. mars 2024, ásamt bréfi Hjark, dags. 22. mars 2024, um breytingu á deiliskipulagi Smáibúðahverfis vegna lóðarinnar nr. 34 við Sogaveg, sem felst í að hliðra til og stækka byggingarreit fyrir bílskúrs og gera þess í stað gestaherbergi og geymslu. Fyrirspurninni var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju.


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir Sogavegur 34 Háaleiti og bústaðir og er hluti af íbúðarsvæðinu Gerði-austur.


Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag Grundagerðis 27-35 og Sogavegar 26-54, samþykkt í borgarráði dags. 21. desember 1999.



Gildandi deiliskipulag



Núverandi staðsetning



Tillaga að nýrri staðsetningu

Umsögn

Sogavegur 34 er byggt árið 1958 eftir teikningum Þórs Sandholts. Húsið er skv. Fasteignamati 135,1 m², lóðin er 408 m² og nýtingarhlutfall er 0,32. Á reitnum eru fjórar raðir húsa og eru 5 hús í hverri röð. Bygðamynstur götunnar einkennist af þéttri byggð og einkennist af keðjuhúsum þar sem bílskúrar nálægt lóðarmörkum eru samtengdir íbúðarhúsum, en upphaflega voru hús stakstæð. Samkvæmt deiliskipulagi er heimilað nýtingarhlutfall allt að 0,6 að hámarki.

Fyrirspurnin hefur breyst frá eldri umsögn Skipulagsfulltrúa, búið er að færa byggingarreit frá lóðarmörkum. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að gera breytingu á deiliskipulagi og flytja byggingarreit eins og tillagan hér að ofan sýnir. Tillagan verður grenndarkynnt berist hún.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að gera breytingu á deiliskipulagi og flytja byggingarreit eins og tillagan hér að ofan sýnir. Tillagan verður grenndarkynnt berist hún.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri